



Aðgerðaráætlun eineltisteymis Dalvíkurskóla

Skólaárið 2019-2020

UPPLÝSINGAR

- Eineltisteymið sendir upplýsingar um eineltisáætlun Dalvíkurskóla og aðgerðaráætlun til allra foreldra í upphafi skólaárs.
- Eineltisteymið auglýsir fundartíma teymisins í upphafi skólaárs. Teymið fundar hálfsmánaðarlega allt skólaárið.
- Eineltisteymið setur fréttir inn á heimasíðu skólans til fræðslu og kynningar.
- Allar upplýsingar um einelti eða grun um einelti er hægt að senda á netfang eineltisteymis: eineltisteymi@dalvikurbyggd.is

FRÆÐSLA/BEKKJARFUNDIR

- Umsjónarkennarar haldi bekkjarfund í fyrsta mánuði skólaárs og fari vel yfir þær leiðir sem nemendur hafa til þess að segja frá einelti. Umsjónarkennari endurtekur þetta reglulega á bekkjarfundum yfir skólaárið.
- Umsjónarkennarar hafa eina kennslustund á viku á stundaskrá fyrir bekkjarfundi og/eða lífsleikni.
- Í september/október kynnir eineltisteymið starf sitt fyrir nemendum Dalvíkurskóla.
- Tvisvar á skólaárinu fræðir teymið nemendur um afleiðingar eineltis (t.d. myndbönd og fyrirlestrar).
- Á hverju skólaári fara stjórnendur inn á bekkjarfundi hjá öllum bekkjum og fara yfir skólareglur (umgengnisreglur og skýr mörk) og ræða um mikilvægi góðra samskipta og virðingu.
- Kynning á Olweus og eineltisáætlun Dalvíkurskóla fyrir allt starfsfólk.

FERLI EINELTISMÁLA OG EFTIRFYLGNI

- Fáir eineltisteymi beiðni um aðstoð vegna eineltismála skal teymið vinna samkvæmt eineltisáætlun Dalvíkurskóla. Ef grunur liggur fyrir um einelti er það skráð á þar til gert eyðublað og sent til eineltisteymis og umsjónarkennara sem fylgja málinu eftir.
- Eineltisteymi fylgir eftir þeim málum sem berast teyminu, þar til viðunandi lausn finnst og málinu telst lokið.
- Eineltisteymi heldur fundargerðir og skráir ferli mála.

Samþykkt í eineltisteymi 10. október 2019